

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar
Ægissvæði



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

Fundargerð 1. svæðisráðsfundar í Ægissvæði starfsárið 2010-2011 hjá Setbergi Garðabæ.

Haldinn þann 20. nóvember 2010

Fundur settur. Svæðisstjóri Hildisif Björgvinsdóttir setti fundinn 09:10 bauð félagar velkoma, sagði frá því að 4 klúbbar hefðu hlotið útnefningu sem fyrirmýnda klúbbar þar af leiðandi hafi Arnar fráfarandi svæðisstjóri verið útnefndur sem fyrirmýnda svæðisstjóri og óskaði honum til hamingju sem og klúbbunum.

Mæting. Samkvæmt mætingarbók voru 35 félagar mættir til ráðstefnunnar sem skiptist þannig. Eldborg 4 félagar, Eldey 6 félagar, Hof 2 félagar, Hraunborg 4 félagar, Keilir 4 félagar, Setberg 5 félagar, Sólborg 4 félagar og Varða 3 félagar. Auk þessa mættu 3 frá fræðslunefnd og 1 frá ferðanefnd og til fræðslu í lokinn 1 félagi frá Eldfelli. 2 síðastnefndu voru ekki skráðir í bókina.

Orð dagsins átti Þorvaldur forseti Setbergs en það var *vinnan*.

Morgunverðarhlé.

Fundargerð síðasta fundar lá frammi og var samþykkt en Guðlaugur forseti Eldeyjar óskaði eftir að mætingin væri skráð, Svæðisstjóri Hildisif benti honum á að það yrði gert.

Skýrslur klúbba. Eftirfarandi kynntu skýrslur klúbba. Skýrslur lágu frammi og verða ekki nánar útlistaðar hér að öðru leiti en því að Þorvaldur í Setberg óskaði eftir meiri samvinnu forsetanna og Jóhanna í Vörðu hvatti forseta til að lesa klúbbalögin. Annars fluttu eftirtaldir skýrslur sínar.

Eldborg: Ingvar Snæbjörnsson

Eldey: Guðlaugur Kristjánson

Hof: Sveinbjörn Reynisson

Hraunborg: Sigurður P. Sigurðsson

Keilir: Viðar Örn Victorsson

Setberg: Þorvaldur Finnbjörnsson

Sólborg: P. Ragna Pétursdóttir

Varða: Jóhanna Einarsdóttir

Svæðisstjóri Hildisif Björgvinsdóttir flutti sína skýrslu.

Umræður um skýrslur.

Nokkrar umræður urðu um skýrslurnar þó svo að fundarmenn fóru nokkuð fram úr sér og voru í raun komnir í liðinn önnur mál. Svæðisstjóri þakkaði forsetunum fyrir góðar skýrslur og rétt tímabil, gott að fá nýtt fólk eins og þær í Vörðu sem kæmu með ný sjónarmið. Þeir sem tóku til máls voru Ragnar Örn úr Keili, Gylfi frá Hraunborg, Þorvaldur frá Setberg, Guðmundur frá Hofi, Ingvar frá Eldborg og Ragna frá Sólborg. Guðmundur vildi að forsetar gerðu grein fyrir styrkjum en ekki bara heildar tölu, var honum bent á að það kæmi fram í B-skýrslu. Ragnar sagði frá því að 13% aukning hafi átt sér stað í umdæminu sem væri sú mesta í Evrópu og að við ættum að hætta að væla og vera með neikvæða umfjöllun, horfa frekar á það góða sem við gerum og segja frá hvað það væri nú gaman hjá okkur. Stakk upp á að við tækjum okkur til og bjóðum Sögusvæði að taka þátt í sumarhátíðinni, en hann hafði verið með erindi á fundi hjá þeim. Kom inn á afmælisrit Keilis. Einnig að það væri nóg verkefni framundan fyrir Andra (Andrésí) við að fara yfir klúbbalögin með forseta Vörðu. Gylfi tók undir þetta með klúbbalögin, kom inn á fréttabréf og Handbók Hraunborgar, varpaði fram þeirri spurningu hvernig taka á, á greiðslu gjalda hjá þeim félögum sem ekki geta mætt vegna veikinda eða hafa

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar
Ægissvæði



Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

misst vinnu. Óskaði eftir góðum gjöfum/kveðjum frá félögum í afmæli Hraunborgar 27.nóv. Þorvaldur benti á að hægt væri að vera með samantekt neðst í skýrslu til viðbótar B-skýrslu tók undir orð Ragnars. Ingvar kom með fyrirspurn varðandi mætingu og leyfisbréf gerði grein fyrir þeim styrkjum sem hann var með í sinni skýrslu. Ragna svaraði orðum Þorvaldar úr hans skýrslu varðandi það að vilja ekki vera með í sumarhátíð en vilji samt meiri samvinnu. Þorvaldur svaraði því að hann væri að kalla eftir breytingum.

Önnur mál.

Hildisif óskaði eftir að fá að panta nýja svæðisstjórakeðju sem hún er nú þegar búin að panta, vað það samþykkt. Varð að afþakka boð í afmæli Hraunborgar vegna starfa fyrir umdæmið erlendis, en sagðist senda fulltrúa sinn.

Gylfi Hraunborgu stiklaði á stóru um K-dag sem verður 10-14 maí.

Búið að semja við Margmiðlun, Ísal styrkir verkefnið um 500 þús. fleiri fyrirtæki á umræðustigi. Arnar færði forseta Keilis nýjan klúbbfána í tilefni af 40 ára afmæli þeirra þann 30.sept með aðstoð svæðisstjóra. Sagði að hann væri einnig í stjórn styrktarsjóðs umdæmisins og verkefninu MNT, samvinnu við UNICEF. Það verkefni verður kynnt nánar síðar. Guðlaugur bauðst til að taka Setbergsmenn með á sumarhátíðina, þar sem þeir í Eldey ætla að vinna Brennómótið og þeir muni fjölmenna næsta sumar. Ættum að vera dugleg að nota Kiwanisvefinn, benti á Skötuna 23.des. í húsinu þeirra. Óskar umdæmisstjóri sagði að klúbbalögin í hvítubókinni væru til viðmiðunar fyrir klúbba. Benti á leiðir fyrir klúbba varðandi félagsgjöldin. Aldursaðild og Heiðursaðild. Þrjú krefjandi verkefni framundan, Hjálmaverkefnið, K-lykillinn og MNT. Gerði grein fyrir stöðu félagatals umdæmisins og bað svo félaga að senda Geir góða strauma vegna veikinda hans. Björn frá ferðanefnd sagði frá ferð á heimsþing næsta sumar og afmælisferð til Færeyja. Ingvar kom inn á K-lykilinn. Jóhanna sagði frá krökkunum sem fóru til Eistlands, væru að stofna klúbb, benti á að þau væru til í að koma á fundi hjá klúbbunum. Ragna er ekki sátt með að félagar þurfi að kaupa sér viðurkenningu sem fyrirmyndafélagi. Óskar svaraði að ný viðmið væru í vinnslu.

Svæðisstjóri lokaði fyrir liðinn önnur mál og gerði 5 mín pásu.

Fræðsla ritara Sæmundur H. Sæmundsson formaður fræðslunefndar setti fræðsluna, sagði að þeir væru til í að koma í alla klúbba með fræðslu, fundargerðir eiga ekki að vera endursögn, svaraði fyrirspurn varðandi leyfisveitingu Finnabogi fór svo yfir skýrsluna og hvernig hún skal út fyllt. Mestur tími fór þó í að ræða mætingarviðurkenningar. Þó svo að fræðslunefndarmenn töldu ekki þörf á þessari fræðslu voru allir sáttir þegar henni lauk og það hafi verið mikil þörf á henni.

Svæðisstjóri minnti á næstu svæðisráðstefnu 12. febrúar hjá Hraunborg Hafnarfirði og sleit svo fundi kl.12:59

Dröfn Sveinsdóttir Ritari Ægissvæðis

Hildisif Björgvinsdóttir Svæðisstjóri Ægissvæðis

